



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið



## Kvistaborg

**2021 – 2022**




### Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans Hugrekki – Hlýja – Hlustun – Hvatning .....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021.....	13
3 Innra mat Víðilundar.....	15
4 Innra mat Birkilundar.....	17
5 Innra mat Asparlundar.....	19
6 Innra mat Reynilundar .....	23
7 Innra mat sérkennslu .....	26
5 Innra mat – fjölyngd börn.....	27
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	28
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	28
8 Foreldrasamvinna .....	28
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	28
10 Fylgigögn .....	29
10.1 Skóladagatal .....	29
10.2 Verkefni Kvistaborgar - Ábyrgðarmenn .....	29
10.3 Fagstarf með börnum - Ábyrgðarmenn.....	29
10.4 Umsögn foreldraráðs .....	29



## **Leiðarljós leikskólans Hugrekki – Hlýja – Hlustun – Hvætning**

Sýn okkar er að börn séu fróðleiksfús, forvitin og virk í eigin lífi. Það er leikskólans að skapa öruggt og lærðómsríkt samfélag þannig að þau fái notið sín.

**Kennarar Kvistaborgar** settu niður **sína sýn** á leikskólastarfið og er hún sá **leiðarvísir** er einkennir starfið:

- Við teljum nauðsynlegt að veita börnunum **þá þekkingu** og **þá hæfileika** sem þau þurfa á að halda til að vera **virkir þátttakendur** bæði í samfélagi skóla og í því fjölbjóðlega samfélagi sem við búum í.
- Við teljum jafn mikilvægt að skólinn ásamt fjölskyldunni og öðrum stofnunum taki þátt í að byggja upp **ábyrg viðhorf og æskilega hegðun**.
- Við viðurkennum **mikilvægi leiks og íþrótta** í uppbyggingu **heilbrigði á líkama og sál**.
- Við viljum veita börnunum tækifæri til **skapandi tjáningar**.
- Við erum á móti **hvers konar mismunun** byggðri á kynþætti, þjóðerni, trúarbrögðum eða kyni.
- Við teljum að skólinn verði að bjóða upp á umhverfi þar sem börn með mismunandi bakgrunn læri að þekkja, skilja og virða hvert annað.

### **1 Greinargerð leikskólastjóra**

Starfið síðasta veturnar (2020-2021) gekk í heildina mjög vel, sér í lagi miðað við aðstæður. Starfið litaðist að vissu leyti af COVID19 sem herjaði á þjóðfélagið í bylgjum. Við höfum verið mjög heppin hingað til og náð að halda starfseminni gangandi í gegnum allt þetta ferli. Við vorum vissulega takmörkum háð og þurftum reglulega að breyta verklagi í samræmi við reglugerðir stjórvalda. Endurmenntun starfsmanna litaðist einnig af þessu enda starfsfólk sem og aðrir þjóðfélagsþegnar hvattir til að halda sig heima við og vera ekki í fjölmenni. Þau námskeið sem starfsfólk sótti voru að mestu rafræn. Ráðningar gengu ágætlega um haustið og réðum við inn fimm nýja starfsmenn. Að hluta til var það mikið tilkomið vegna aukinnar sérkennslu í barnahópnum. Um áramótin 2020/2021 létt einn starfsmaður af störfum vegna aldurs og við fengum til okkar aðstoðarleikskólastjóra og það er sjötti starfsmaðurinn sem við fengum til okkar það árið. Starfsmannahópurinn stóð því vel að vígi og hjálpaði vissulega til að hafa til taks vant tímavinnufólk sem áður hafði unnið í fullu starfi. Ekki tókst að fara í fyrirhugaða námsferð til Kanada að vori vegna COVID19 og henni var því frestað í annað sinn, en hins vegar fórum við í innanlands námsferð í lok maí í Borgarnes.

Vorönnin var svipuð haustönninni að því undanskildu að í janúar, febrúar og byrjun mars var COVID19 faraldurinn í lægð og því náðist að slaka örlitið á þeim sóttvarnarkröfum sem myndast höfðu í þriðju bylgju. Við fórum þá leið að meina foreldrum inngöngu í skólann frá því að við opnuðum skólann eftir sumarfrí 2020. Við tókum við börnunum í dyrunum, og þegar smit var minna í samféluginu ákváðum við að bíða með að opna Kvistaborg fyrir foreldrum. Fjórða bylgja herjaði á um miðjan mars

og endaði þannig að öllum skólum var lokað að undanskildum leikskólum sem störfuðu við krefjandi aðstæður vikuna fyrir pánska. En alltaf birtir til um síðir og nú hefur verið hafist handa við að bólusetja starfsfólk leikskóla. Eins og er gengur það mjög vel þó vissulega eitthvað sé um veikindi í kjölfar bólusetningar. Þenn sem komið er höfum við ekki þurft að nýta okkur fáliðunaráætlun.

Árið hefur einkennst af breytingarstjórnun og það hefur reynt á sveigjanleika starfsmanna að finna lausnarmiðaðar aðferðir til að láta hlutina ganga upp. Það er skemmt frá því að segja að okkur hefur tekist að mæta hverri þrengingu af stakri snilld, til að mynda var danssýning barnanna haldin úti á góðviðrisdegi í staðinn fyrir að láta allt falla niður. Með þessu móti gátu eins margir mætt og vildu, foreldrar, ömmur og afar, til að horfa á litlu danssnillingana okkar.

Í janúar 2021 byrjuðum við að vinna með styttri vinnuviku. Styttingin má ekki koma niður á þjónustu og töluverður undirbúnингur fór fram á haustönninni við að fara yfir starfið og sjá hvar hægt væri að betrumbæta svo vinnustytingin gæti orðið að veruleika. Til að byrja með fórum við þá leið að stytta vinnuvikuna um þrjár klukkustundir miðað við 100% starf og 1. júní 2021 lengdum við styttunguna í fjórar klukkustundir. Styttingin fer aðallega fram á föstudögum, þó svo að einstaka starfsmenn eigi styttningar í miðri viku. Almenn ánægja er með styttunguna sjálfa en vissulega reynir hún á þá starfsmenn sem eftir eru. Það hefur ekki komið til skerðingar á þjónustu eða vistun vegna þessa, en það er ekki hjá því komist að stytting kallar stundum á aukið fjármagn.

Í lok apríl þurftum við að loka hluta af húsnæði Kvistaborgar vegna myglu og raka og tvær deildir Asparlundur og Reynilundur fluttu í skátaheimilið í Hólmgarði og voru með starfsemi þar fram að sumarfrí i byrjun júlí. Mitt í öllu húsnæðisbröltinu má geta þess að Kvistaborg fékk Hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar fyrir LÁN verkefnið sem unnið hefur verið með undanfarin tvö skólaár. Það var okkur mikill heiður og tókum við verðlaununum fagnandi. Að auki tókum við þátt í Menntastefnumóti skóla- og frístundsviðs með kynningu á LÁN verkefninu með sófaspjalli.



*Erna Agnes, deildarstjóri Asparlundar, Málmfriður Einarsdóttir, deildarstjóri Reynilundar og Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjóri, taka á móti Hvatningarverðlaunum Reykjavíkurborgar vorið 2021.*

Óvenjumikil frjósemi var í starfsmanna hópnum, en ekki hefur fæðst barn í honum í 8 ár. Tvær konur áttu von á sér á vordögum og aðrar tvær haustið 2021.

Fagmenntun starfsmanna	Stöðugildi 2020-2021	Fjöldi starfsmanna 2020-2021	Stöðugildi 2021- 2022	Fjöldi starfsmanna 2021-2022
Leikskólakennarar	3,8	5	4,3	5
Háskólamenntun á uppeldissviði	5,075	7	2,425	4
Önnur háskólamenntun	2,75	3	1,4	2
Starfsmenn	4,025	6	5,225	7
Sérkennsla / stuðningur	2,5	3	2,9	4
Matráður /aðstoð	1,5	2	1,35	2
	19,65	26	17,6	24

\*tveir starfsmenn gegna tveimur stöðum og eru því tvítaldir í fjölda starfsmanna.

Fjöldi þeirra starfsmanna sem eru í tímavinnu eru sjö og eru allt reyndir fyrrum Kvistaborgar starfsmenn, sem stunda nám og vinna með skóla og við getum kallað inn þegar illa árar.

#### Nýir starfsmenn 2020-2021:

- Sandra Lind Brynjarsdóttir
- Hrafnhildur Helgadóttir
- Rakel Eva Guðsteinsdóttir
- Jasmine Cherisse Hauksdóttir
- Arndís Björg Ólafsdóttir
- Daníel Eggert (var fyrrum starfsmaður og kom aftur til okkar)
- Hjalti Már Ásmundsson
- Sigríður Dröfn Ámundadóttir

#### Starfsmenn sem hættu á árinu 2020-2021 voru:

- Aron Ingi Sveinsson, fór úr 100% yfir í tímavinnu
- Hildur Marísdóttir
- Þorbjörg Saga Ásgeirsdóttir

#### Sumarliðar og atvinnuátak vinnumálastofnunar 2021:

- Hrafnhildur Ýr Stefánsdóttir
- Elín Friðrika Hermannsdóttir
- Hector Snær Hernandez Aronsson
- Veronica Á. Ásgeirsdóttir

#### Vinnuskólinn sumarið 2021

- Guðny Magnea Pétursdóttir
- Rebekka Lind Sumarliðadóttir
- Ólöf Halla Magnúsdóttir
- Elísabet Úa Þórhallsdóttir

#### Barnahópurinn:

Við hófum veturninn með 74 börnum og í mars 2021 fluttu tvö börn í annað sveitarfélag og ekki tókst að fá inn ný börn og vorum við því með 72 börn það sem eftir lifði vetrar. Sú breyting varð á að elsta

deildin, Reynilundur, færði starfsemi sína í sal Kvistaborgar en það var gert með tilliti til stærðar barnahópsins, þar sem aðeins voru 14 börn og tveir kennrarar. Næstelsta deildin, Asparlundur var með 22 börn, tók við rými Reynilundar. Þrettán börn útskrifuðust, en að auki fóru þrjú börn í Ísaksskóla.

*Hér að neðan má sjá fjölda barna á hverri deild miðað við seinni hluta vorannar 2021*

- Víðilundur 16, 2 ára börn fædd 2018, en eitt er fætt 2019\*
- Birkilundur 21, 3 ára börn fædd 2017
- Asparlundur 22, 4 ára börn
- Reynilundur 13, 5 ára börn\*\*

\*Voru 17 börn haustið 2020 fram að mars 2021

\*\* Voru 14 börn haustið 2020 fram að mars 2021

Framundan eiga að fara fram töluluverðar framkvæmdir á húsnæði Kvistaborgar. Það er fyrirséð að ekki verður innritað að fullu fyrir næsta veturnar. Börnum mun fækka og við leggjum niður eina deild.

Stefnt er að því að deildirnar munu því líta svona út skólaárið 2021 - 2022:

- Birkilundur 16 börn
- Asparlundur 21 börn
- Reynilundur 18 börn

## Verkefni Kvistaborgar 2020 - 2021

### Barnaheill:

Vináttuverkefni Barnaheilla var áframhaldandi þetta starfsárið. Í þessu samhengi er vert að minnast á að við notum verkfæri frá Vöndu Sigurgeirs dóttur kennara á menntavísindasviði, til að meta barnahópinn og félagsleg samskipti og samþykki innan hans og einnig á milli kennara. Tekið er á einelti og unnið sérstaklega með þau börn sem koma slök út úr mati. Einnig héldum við kynningar fyrir nýja starfsmenn á þeim verkefnum sem unnið er að í Kvistaborg, þar á meðal verkefni Barnaheillar.

### Lubbi finnur málbein:

Lubbi er virkur á öllum deildum Kvistaborgar og kröfur þyngjast og eflast eftir stighthækkandi aldri barna. Venjulega bjóðum við foreldrum upp á námskeið í Lubba en vegna COVID19 aðstæðna var ekki hægt að verða við því. Hins vegar var sérstök Lubbakennsla fyrir nýja starfsmenn en að auki var sérstaklega farið yfir Lubba á starfsdegi Kvistaborgar í janúar 2021.

## LÁN:

Í áframhaldi Biophilia verkefnisins var Kvistaborg boðið að taka þátt í nýju verkefni að nafni Listrænt ákall til náttúrunnar. Þar gildir að nýta náttúruna og afurðir hennar í hverskyns sköpun ásamt því að fræða börnin um listir og náttúruvernd. Þetta var annað starfsárið sem við unnum með verkefnið og fékk Kvistaborg Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundasviðs fyrir verkefnið í vor. Verkefnið þótti skara fram úr á sviði barnamenningar og leikskólastarfs.

## LAL:


Kvistaborg nýtti styrkinn sinn í innleiðingu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar til að innleiða Leikur að læra „LAL“. Þar er lagt upp með að blanda saman hreyfingu og kennslu til að auðvelda börnum að læra og tengja við þeirra eðlislæga leik. LAL hefur mikið verið notað í útikennslu í veturna enda hentar námsefnið vel til þess. Hugsanlega munum við binda verkefnið við ákveðinn aldurshóp og þróa þannig verkefnið áfram.

## Biophilia:

Verkefnið hófst árið 2015 og hefur verið hluti af starfinu síðan. Vorönn 2021 var líkaminn tekinn fyrir sem hluti af kennsluefni um vísindi. Verkefnið kom mjög vel út og náðist að skrásetja vel stöðu barnanna og þekkingu þeirra á líkama og líkamspörtum. Unnið var með allskyns efnivið meðal annars var í boði að velja sér að fara í Biophilii appið og skoða líkamann þar í gegnum Vírus lagið en að auki var í boði að skoða ýmsar flipabækur þar sem mátti sjá margan fróðleik um líkamann.

## Útinám:

Útinám er fyrir þriggja og fjögurra ára börn og er ein skipulögð kennslustund í hverri viku yfir vetrarmánuðina. Útinám byggir á því að tengja náttúrufræði, sköpun og almenna kennslu saman; kenna börnunum að lesa í náttúruna og færa námið út fyrir kennslustofuna. Það hefur sýnt sig að almenn kennsla, svo sem stafa- og tölukennsla, nær betur til barnanna þegar hún er færð út fyrir kassann og þeim leyft að læra í leik. LAL hefur bætt ferskum blæ við námsefnið og oft litast kennslustundir úti af hugmyndafræði LAL.



### **Heilsueflandi skóli:**

Kvistaborg er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi leikskóli sem er á vegum Landlæknisembættisins. Við í Kvistaborg leggjum mikla rækt við hreyfingu á öllum deildum, bæði inni og úti. Hér skiptir einnig sköpum að í Kvistaborg er boðið upp á heimaeldaðan mat alla daga, hugað er vel að næringu barna og starfsmanna og við hugum vel að geðheilbrigði allra. Reglulega eru teknar umræður um tilfinningar og vináttu og hvernig best er að bregðast við ef manni líður illa, er reiður eða dapur. Þarna skiptir vináttuverkefni Barnaheilla einnig máli því þar má finna ýmsan fróðleik um tilfinningar og vellíðan.

### **Samstarf við Víking:**

Víkingur hefur í fjögur ár verið í samstarfi við Kvistaborg og boðið elstu börnunum okkar í íþróttasalinn í Víkinni. Þjálfari er Einar Guðnason. COVID19 hefur áhrif á það hvort að við getum þegið boðið hverju sinni og í nokkurn tíma lá þetta starf alveg niðri. Það var þó tekið upp aftur á vorönn þegar COVID19 bylgjuna lægði um stund.

### **Tónlist:**

Kvistaborg býður upp á tónlistarkennslu í samvinnu við Sigrúnu Erlu Hákonardóttur, tónlistarkennara, en hún er einnig tónlistarkennari í Breiðagerðisskóla. Börnin fá að heimsækja Breiðagerðisskóla ásamt kennara en vegna COVID19 gekk það ekki upp þetta skólaár. Hver hópur, 5-8 barna, af deildum með þriggja til fimm ára börn, vinnur með kennaranum í 20 til 30 mínútur einu sinni í viku. Stuðst er við söng, hlustun, hljóðfærileik og hreyfingu í kennslunni. Samstarf er einnig við Tónskóla Sigursveins

síðvetra; þá er mikill undirbúningur sem tengist Barnamenningarhátíð og annað víkur á meðan en þarna spilaði vissulega faraldurinn inn í en þó ekki á þann hátt að ómögulegt væri fyrir börnin að taka þátt í verkefninu. Börnin fengu tækifæri á að heimsækja Tónskóla Sigursveins ásamt því að læra lögum sem hefðu annars verið sungin á Barnamenningarhátíð í Hörpu undir venjulegum kringumstæðum.

Komið er að starfslokum hjá Sigrúnu Erlu Hákonardóttur, tónlistarkennara, hún mun nú ljúka störfum sínum í Kvistaborg eftir að hafa sinnt þessu starfi í um það bil áratug. Þá mun annað verkefni taka við.

#### **Hreyfing:**

Næsta veturnar, 2021-2022 verður aukin áhersla lögð á hreyfingu undir stjórn íþróttakennara inni og úti.

#### **Barnamenningarhátíð:**

Elsta árgangnum, nú fædd 2015, er hverju sinni boðið að taka þátt í Barnamenningarhátíð og að syngja í Hörpu, sem er stórkostleg upplifun. COVID19 setti þó strik í reikninginn. Barnahópnum var boðið í Ráðhúsið og í staðinn fyrir eina stóra tónleika var boðið upp á nokkra og voru þeir rafrænir.

#### **Nemar frá Frakklandi:**

Engir erlendir nemar komu í skólann þetta skólaárið vegna aðstæðna í samfélaginu.

#### **Leikskólakennaranemar frá Menntavísindasviði:**

Stefnt var að því að taka á móti einum utanaðkomandi nema frá Menntavísindasviði en það gekk ekki upp vegna faraldurs. Í stað þess fengu tveir starfsmenn Kvistaborgar sem einnig eru nemar í leikskólakennarafræðum að fara í starfsnám á öðrum deildum innan skólans. Það kom mjög vel út.

#### **Menntastefnan 2018-2021**

Innleiðing menntastefnunnar hófst í Kvistaborg haustið 2019 og við völdum að verða „LAL“ skóli. Fræðin eru hugsuð út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Með því að nota kennsluaðferðina eykst úthald og einbeiting ungra nemenda. Notast er mikið við bók- og tölustafi, form og lit. Verkefnið býður upp á þátttöku foreldra. Unnið er að áframhaldandi þróun verkefnisins næstu misseri.

#### **Erasmus verkefni:**

Kvistaborg er í þróunarsamstarfi við franskan skóla í suður Frakklandi, sem býður upp á nemenda- og kennarasamtal sem á svo að enda með kennaraheimsóknum, ásamt því að við fáum til okkar franska nema. Það er skemmst frá því að segja að fundir hafa átt sér stað með rafrænum hætti og ákveðnir

nemendafundir hafa átt sér stað. Báðir skólar hafa sent frá sér sýnishorn frá sínu landi og það sem fór frá okkar börnum voru teiknaðar myndir af eldgosinu, glænýr hraunmoli úr iðrum jarðar og smá smakk af íslensku sælgæti. Heimsóknir á milli landa liggja niðri enn sem komið er.

#### **Stækkun Kvistaborgar:**

Ekki er vitað hvenær hefja á byggingu viðbyggingar í Kvistaborg. Vorið 2021 greindist raki í norðanverðu húsinu, á Reynilundi, og verið er að vinna í því að skoða hversu miklar skemmdirnar eru. Kom í ljós mygla í innri leikstofu Reynilundar. Einnig greindist mygla í gryfjunni á milli Víðilundar og Birkilundar. Málið er í skoðun.

#### **Foreldrasamstarf:**

Sjötta árið í röð var boðið upp á sundkennslu fyrir elstu börnin á Kvistaborg. Foreldrar sjá þar alfarið um skipulag og við aðstoðum við að láta þetta fyrirkomulag ganga upp. Foreldrar Kvistaborgar hafa stutt vel við starfið og séð til þess að starfsemin hafi náð að blómstra með ýmsum uppákomum. Uppákomur sem foreldrafélagið sér um eru, auk sundkennslunnar, danskennsla, piparkökumálun sem féll niður þetta árið með foreldrum en þess í stað fór hún fram í starfinu með börnunum, leiksýningar og sumarhátið svo fátt eitt sé nefnt. Í ár var ekki mikið um utanaðkomandi uppákomur vegna ástandsins en hins vegar kom Maxímús Músíkús að heimsækja okkur auk Leikhúss í tösku um Grýlu og jólaveinanna. Danskennslan gekk mjög vel og var skipulögð í apríl, tvívar í viku og lauk með útisýningu 7.maí.

#### **Nývistunarfundur:**

Fór fram í júní 2020, við fengum íþróttasalinn í Fossvogsskóla að láni. Þetta var í Covid lægð.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
<b>Leikurinn: Efniviður og rými í vikuplani.</b>	Samræður á starfsmannafundi. Fyrirlestur um opinn efnivið og flæði í leik. Hópaumræða. Í kjölfarið var farið yfir niðurstöður hvers hóps.	Starfsmenn á starfsmannafundi.	Helstu niðurstöður sýndu að leikurinn virðist oft ekki fá nægt rými inni í vikuplani þar sem oft er búið að skipuleggja fyrir fram ákveðin kennarastýrð verkefni á borð við Lubba, Tónlist, hreyfistundir, útikennslu og Leikur að læra (LAL). Stefnt að áframhaldandi vinnu við flæði og leik barna.

### Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
<b>Foreldra-könnun</b>	Rafræn vor 2021	Foreldrar/forráðamenn	83 % þátttaka. Styrkleikar: Foreldrar eru mjög ánægðir með starf Kvistaborgar og stjórnun. Veikleikar: Foreldrar yngstu og nýjustu barnanna fannst vantar tengingu við starfsmenn og skólann.
<b>Starfs-manna-könnun</b>	Rafræn vor 2021	Starfsmenn	Allir liðir á grænu og meðalskor allra þátta 4,42 sem stendur á pari frá fyrra ári sem var 4,43. Það sem stendur á gulu er hæfilegt vinnuálag og starfsmannastöðuleiki sem er þekkt vandamál í leikskólageiranum og helgast af leikskólakennnaraskorti.

## Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Leiðtoga- þjálfun	Fagmennska og samstarf	Handleiðsla frá Kvan	Stjórnendur	Haust 2021	Sumar 2022	Samtal, rýnihópur	Endurmat
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
Verkfærákistan frá Kvan. Okkar verkefni í Menntastefnu Reykjavíkur- borgar	Að starfsfólk fái verkfæri til að bera kennsl á og vinna með einstaklinga sem eiga í félagslegum vanda og hópa sem glíma við samskiptavanda	Fáum leiðsögn frá Kvan á skipulags- dögum og vinnum verkefni þess á milli.	Stjórnendur	Maí 2021	Ágúst 2022	Verkefnið endurmetið maí 2022	Öll gögn metin, staðan fyrir og eftir
Skráningar / mappan mína	Fara yfir Mappan mína og samræma á milli deilda	Setja einhver mörk um magn hvað fer í möppuna	Teymi og allir	Vor 2022	Vor 2022	Samtal allra	Samfella í skráningu á þroska barnsins
Hreyfing	Hreyfing efld	Fjölgat stundum í hreyfingu undir handleiðslu kennara	Verkefna- stjóri hreyfingar	Haust 2021	Vor 2021	Metið að samtalsfundum og hreyfifærni barna metin	Samtal um árangur og framhald ákvæðið
Leikur barna	Innleiða flæði Yfirfara efniviðinn og leggja meiri áherslu á opin efnivið.	Skólaheim- sóknum, lestir/fræðslu og aðgerðum	Stjórnendur	Vor 2022	Vor 2022	Samtal	Endurmat á skipulagsdegi
<b>Mannauður</b>							
Leikskólabragur							
Skyndihjálp	Allir endurnýi skyndhjálpar- kunnáttu sína	Námskeið með Herdísí Storgaard	Leikskóla- stjóri	19. nóve mber		Farið yfir öryggisþætti skólans	Lokið

### **3 Innra mat Víðilundar**

#### **Greinargerð deildarstjóra – Helga Guðmundsdóttir**

Aðlögun nýrra barna gekk nokkuð vel. Deildin endurnýjaðist alveg, en það voru 17 börn sem byrjuðu hjá okkur. Aðlögun var þó með töluvert öðru sniði, þar sem hún fór að mestu fram utan dyra vegna COVID19. Flutningar barna milli deilda var yfirmaðin, áður en við byrjuðum nýtt skólaár, sem er breyting frá því sem verið hefur. Kom vel út, þar sem við höfðum góðan tíma til að undirbúa komu nýrra barna og helgað okkur svo alfarið að þeim í aðlögun, án þess að hafa áhyggjur af þeim börnum sem biðu flutnings yfir á aðra deild.

Byrjuðum haustið með metnaðarfullt dagskipulag/vikuskipulag. Hópastarf þar sem börnunum var skipt upp í minni hópa í hreyfistund/könnunarleik/skapandi starf/leikur að læra. Blær og Lubbi fléttað inn í daglegt starf. Fljótlega fórum við að átta okkur á því að okkur fannst þetta ekki ganga eins vel og lagt var upp með. Sökum Covid aðstæðna var flæði á milli deilda ekkert og gátum þ.a.l. ekki nýtt rými hússins. Vorum því endalaust að brjóta upp leikinn hjá börnunum til að koma hópastarfi fyrir. Skapaðist við það mikil óreiða/togstreita. Börnin voru oft rétt að komast í góðan leik og þá brutum við upp leik þeirra, því klukkan okkar í skipulaginu sagði, að nú væri könnunarleikur, en børnin vildu bara fá að halda áfram í sínum leik. Ákváðum við því að brjóta upp skipulagið, (leggja áherslu á frjálsla leikinn) gefa frjálsla leiknum meira rými og útiveru og fléttu annað starf inn í daglegt starf. Vorum ánægð með þessar breytingar, mikill léttir, börn og starfsfólk nutu sín betur við leik og störf.

Samvinna starfsfólks deildarinnar gekk vel, eins á milli deilda eins og hægt var. Sökum COVID19 vorum við mjög einangruð við okkar svæði. Samverustundir hafa gengið vel og rúlla milli starfsmanna. Deildarfundir hafa gengið ágætlega í vetur. Reynt að halda skipulagi með að hafa þá ca. aðra hvora viku.

Hefðir og hátiðir voru af skornum skammti v/Covid og foreldraþátttaka lítil sem engin. Gátum þó boðið þeim á danssýningu barnanna í vor, sem haldin var á útisvæði. Foreldrar töluðu um hvað gaman hefði verið að fá að taka þátt í því. Þeim finnst erfitt að fá ekkert að koma inn í leikskólann. Útileiksvæði var mikið notað þetta skólaárið. Farið var út tvívar á dag ef veður leyfði. Okkar aðalútiverutími er á morgnana, mörg börn sem sofa eftir hádegi. Útisvæði skipt á milli deilda, þar sem tvær yngstu voru með leiksvæðið fyrir hádegi og tvær eldri eftir hádegi. Eftir kaffi voru svo allar deildir úti, en ákveðið var að betra væri að skila úti í því ástandi sem við höfum búið við í vetur. Sameiginlegar söngstundir hafa ekki verið margar í vetur, en voru þeim mun skemmtilegri þegar hægt var að halda þær.



Veturinn í vetur var að mörgu leyti mjög frábrugðin því sem verið hefur, þar sem lítið var um samgang milli deilda og þ.a.l. líka lítil samvinna. Hver í sínu sóttvarnarhólf, sem hefur samt sem áður gengið vel. Eftir því sem leið á vorið hefur aðeins verið létt á samkomutakmörkunum og meiri samgangur milli deilda því leyfilegur, sem er alveg frábært eftir langan vetur.

## Umbótaáætlun Viðilundar 2021 – 2022

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Lestur</b>							
Lestur	Að auka mikilvægi lesturs fyrir börnin og spjalla um söguna/skilningur.	Hvetja alla starfsmenn til að lesa fyrir börnin.	Deildarstjóri	Haust 2021	Sumar 2022	Farið yfir á reglulegum deildarfundum yfir veturinn.	Að börnin njóti stundarinnar, fái aukinn orðaforða og skilning.
Útikennsla	Vorum ekki með útikennslu síðasta vetur( of ung börn). Á komandi vetri, bætist við útikennsla.	Skipuleggja og þjálfa starfsmenn	Deildarstjóri	Haust	Vor	Rætt á deildarfundum	Fjölbreyttari útivera. Gefa börnunum tækifæri á gönguferðum utan leikskólans, læra og leika í opnu umhverfi. Endurmat og samantektar- blöð
Sjálfhjálp	Eldri börn á deildinni. Gera auknar kröfur á að þau m.a. æfi sig í að klæða sig úr og í, taki til eftir sig.	Starfsmenn séu til staðar og hvetji börnin áfram á jákvæðan og styrkjandi hátt.	Deildarstjóri	Haust	Vor	Starfsfólk deildarinnar ræði reglulega saman.	Að börnin verði meira sjálfbjarga og fái aukið sjálfstraust. Samræðu- mat.

## 4 Innra mat Birkilundar

### Greinargerð deildarstjóra – Lisbeth Borg

COVID19 var enn í gangi þegar haustið byrjaði. Deildin endurnýjaðist alveg með nýjum börnum og árgangi. Þrjú börn komu alveg ný í skólann frá öðrum leikskólum og 18 börn komu frá Víðilundi, samtals 21 barn sem voru þriggja ára á árinu.

Mikil breyting og fjölgun var á starfsmannahópnum í upphafi vetrar og þar sem fjölgun stuðningsbarna jókst í barnahópnum. Samstarfið innan deilda gekk vel og voru flestir kennrarar með sitt ábyrgðarsvæði/svið. Ekki var mikið samvinna milli deilda vegna Covid.

Mikil áhersla var lögð á útikennslu á deildinni. Barnahópnum á deildinni var skipt í tvennt þ.e. 10-11 börn í hvorum hóp. Fyrst um sinni var lögð áhersla að fara út af leiksvæðinu og ganga saman og leiðast. Útikennslan hefur verið mikið notuð í leikfimi sem hefur verið blandað með LAL, *Leikur að læra*. T.d. höfum við æft okkur að læra litina, hlaupa og ná í risaeðlu í ákveðnum lit og skila í hring í sama lit. Eins að finna bókstafi og setja á stafadúk auk þess að æfa boðhlaup. Mikil áhersla hefur verið lögð á að það sé gaman að fara í útikennslu og að ferðirnar endi alltaf í frjálsum leik. Árstíðir, veðurfar, var rætt um, en við höfum oft verið mjög dugleg að grípa áhugasvið barnanna og skoða nánar það sem þau hafa áhuga á hverju sinni. Hinn helmingur barnahópsins sem var eftir í leikskólanum, æfði fínþreyfingar. Hér var lögð áhersla á að æfa klippa, mála, líma, telja upp litina og form. Oftast var haft í huga að útkoman var ekki aðalmálið heldur „vinnan við verkið“ eða ferlið. Það reyndist mjög vel að skipta barnahópnum í tvennt bæði inni og úti. Þá skapaðist meira ró fyrir einbeitingu og leik.

Lubbi kom í heimsókn í hverri viku og voru krakkarnir þrjú til fjögur í hóp í stundinni. Kennarinn var duglegur að gera stundina spennandi með söng, teikningum og myndböndum tengt stafnum sem var lagður fyrir hverju sinni. Í Blæ stundum var umræða um klípusögur af spjöldunum og sögur úr bókinni lesnar; vináttan rædd og hvað má og hvað má ekki í samskiptum. Á hverjum degi var lesstund og var börnunum skipt í nokkra hópa og lesin saga við hæfi hvers og eins.

Á Birkilundi höfum við alltaf gert gjafir fyrir mömmu og pabba á Konu- og Bóndadaginn. Ekki var nein breyting á því í ár og voru krakkarnir mjög uppteknir að gera bindi fyrir pabbi og blóm og blómavasa fyrir mömmu. Jólin voru öðruvísi, en hugguleg. Við vorum með okkar jólakaffihús inni á Birkilundi með jolasögu, kaffihúsi og bíó. Eins bökuðu börnin sjálf piparkökur, gerðu fullt af jólaskrauti og fengu jolasveinaheimsókn í útiverunni.

Foreldrasamtölin í ár fóru fram með nýju sniði vegna COVID19. Það voru allir boðnir í viðtal á TEAMS og gekk það mjög vel. Flestir mjög ánægðir með þetta form, fólk sparaði tíma því það þurfti ekki að fara úr vinnu. Við fáum oft mikla endurgjöf í þessum samtölum sem nýtist okkur í starfi.

Í mars breyttum við til á deildinni og breyttum innra herberginu í hreyfi/leiksvæði. Börnin voru mjög áhugasöm að fara í herbergið og var það notað bæði í stýrðri leikfimi en líka í frjálsum leik í tækjunum. Leiksvæðið í kringum Skálann hefur verið notað mikið í leik. Börnin eru dugleg að nota hugmyndflugið og höfum við verið að bjóða upp á öðruvísi dót/leikföng, málað steina, drullumall og slíkt. Allan veturinn hefur verið lögð áhersla á að efla sjálfshjálp, sérstaklega í fataklefanum en líka í frágangi eftir matinn og slíkt. Börnin hafa sýnt mikla framför.

## Umbótaáætlun Birkilundar 2021 – 2022

UMBÓTAÐTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Frjáls leikur í útiveru	Að barnið fái meira val / flæði	Að það fái meira val um að leika inni og úti.	Deildar- stjóri	Haust 2021	Vor 2022	Umræður á deildafundum; Skoða hvort að sum börn fara aldrei út / skoða flæðið	Að gefa börnunum meiri ró og næði, þegar færri börn eru inni/úti
Samvera/söng stund	Að kenna börnum nýja söngtexta	Að við séum með skipulagðar söng- og samveru- stundir, fyrir bæði umræðu og söng.	Deildar- stjóri	Haust 2021	Vor 2022	Umræður á deildafundum hvernig tekst.	Börnin kunna fleiri söngtexta.



## 5 Innra mat Asparlundar

### Greiñargerð deildarstjóra – Erna Agnes Sigurgeirs dóttir

Annað starfsár Asparlundar gekk mjög vel fyrir sig. Við náðum almennt að sinna öllum þeim þáttum sem við stefndum að í umbótaráætlun að undanskilinni lesstund í frjálsum leik. Við reyndum að koma því í gang en það hentaði ekki rýminu og börnin voru ekki nógu áhugasöm.

Í ár byrjuðum við að þróa okkur áfram með flæði í leik barna þar sem markmiðið var að börnin fengju að vera sérfræðingar í sínu námi og fengu að velja sjálf hvernig þau skiliðu af sér skapandi starfi og hvernig þau þróuðu leikinn sinn án afskipta eða stjórnunar kennara. Kennarinn var því meiri samverkamaður í námi barnanna og minna var um yfirvald kennarans. Vissulega var þó ákveðinn rammi til staðar enda líður börnum best í öruggum og skýrum ramma. Þannig var lögð áhersla á að börnin næði ákveðnu flæðisástandi þar sem þau gleyma stað og stund og stjórna námi sínu sjálf innan ákveðins ramma. Við byrjuðum á að hafa allar verkefnastöðvar án fjöldatakmarkana og héldum því áfram út skólaönnina. Það gekk ágætlega fyrir sig en hins vegar, eftir að hafa tekið heilt ár án ramma um fjölda, teljum við að börnin nái betri ró og flæði í leik ef þau fá næði til að leika í smærri hóp. Við sáum til að mynda á kubbasvæði hvernig það voru oft of margir í kubbunum og þá gerðist það reglulega að byggingar hrundu og mikil læti mynduðust. Þá var líka augljóst að sum börn sem voru ákveðnari stjórnuðu frekar svæðinu og börn sem áttu erfitt með að standa á sínu fengu ekki næði til að leika sér á svæðinu.

Frjáls leikur spilaði stærstan þátt í starfi Asparlundar og fékk meira rými, sér í lagi eftir áramót þegar Lubbi finnur málbein verkefnið var þróað á annan máta. Án þess að taka hóp barna í Lubbastund og þar með rífa þau úr frjálsum leik, færðum við Lubbastund inn í amstur dagsins; gerðum málhljóð vikunnar sýnilegt á veggjunum og hvöttum börnin til að kubba, teikna eða skapa stafinn á einhvern hátt og skrifa orð sem byrjuðu á hljóðinu og setja í orðateppi. Lubbalagið var sungið í byrjun hverrar samverustundar og að lokum kom Lubbi í heimsókn í samveru á föstudögum og fór yfir þau orð sem börnin höfðu skrifað í vikunni. Það gekk mjög vel en varð erfitt þegar málhljóðin urðu tveir stafir saman í lok annar t.a.m. hn, hr, hl og þess háttar.

Í ár unnum við áfram með verkefnið Listrænt ákall til náttúrunnar eða LÁN en það verkefni hóf göngu sína haustönn 2019. Að þessu sinni lögðum við upp með að kynna fyrir börnunum tengsl náttúru og listar; blanda saman listskynjun og hugleiðingum við náttúruskynjun. Við byrjuðum á því að heimsækja Ásmundarsafn en það var fyrsta skrefið í hugleiðingum um *Hvað er list? Hver býr hana til? Hvað er safn? og Hvernig býr maður til listaverk?* Í kjölfarið bjuggu börnin til sitt eigið samvinnulistaverk í anda Ásmundar. Börnin teiknuðu saman upp verkið á krítartöflu og völdu síðan efnivið til að nota í verkið.

Unnið var verk úr vír, steinum, leir og ýmsum öðrum efniviði beint úr náttúrunni sem við höfðum náð okkur í, í útikennslu. Börnin skírðu verkið Ásmund Sveinsson.

Í október og nóvember var unnið með Gilitrutt. Sagan var lesin og velt var upp spurningunni hvort að saga gæti talist listaverk? Hver gæti þá verið listamaðurinn? Síðan var kafað ofan í söguna og þar vakti áhuga barnanna Ísland til forna og lifnaðarháttur okkar þá. Tengdist umræðan við ullina og við kennrarar ákváðum að elta áhuga barnanna og halda áfram að vinna með ullina. Við settum upp skynjunarstöðvar þar sem börnin fengu að skoða og koma við ull sem m.a. var nýbúið að rýja auk þess sem deildarstjóri spann fyrir þau á snældu og ræddi við þau um hvernig lífið var í „gamlar daga“. Í janúar og febrúar var hugmyndin um ullina tekin lengra og spurt var hvort hægt væri að vinna listaverk úr ull. Börnin voru kynnt fyrir tveimur íslenskum listamönnum. Einum samtíðalistamanni, Loga Höskuldssyni útsaumslistamanni og Ásgerði Búadóttur samtímalistamanni og veflistakonu. Börnin fengu frjálsan aðgang að listaverkabókum sem sýndu verk listamanna. Í kjölfarið fengu þau tækifæri á að vefa sitt eigið listaverk og sauma út listaverk. Notast var við allskyns efnivið sem speglarist í mótfum listamannanna tveggja svo sem ull beint af rollunni, hrosshár og allskyns jurtalitað garn auk annarra efna. Þetta kom mjög vel út. Lögð var áhersla á að skapandi starfið yrði ekki kvöð og ekki var lagður sérstakur tímarammi á verkefnið. Þau saumuðu út og ófu þegar þau vildu og gátu þannig nálgast efniviðinn sem lá opinn tilbúinn fyrir þau til að hefja textíl vinnuna. Þau sýndu þessu mikinn áhuga og var það mat okkar kennarana að það væri vegna þess að það var engin pressa á þeim og engin kvöð að klára verkefnið sem fyrst. Í kjölfar þessa verkefnis lærðum við um fugla Íslands og skoðuðum fuglasönginn með tilliti til tónlistar. Við skoðuðum nokkur klassísk verk þar sem hljóðfærileikarar túlka fuglasöng en auk þess lásum við bækur um fugla og sungum kvæði um fugla sem voru að sjálfsögðu listaverk að mati barnanna enda samspil tónlistarmanna og rithöfunda um að ræða þar. Þau voru í lok verkefnis farin að tala um sig sem listamenn og reglulega mátti sjá speglun í leik þeirra á umræðum um listina. Í skapandi starfi bjuggum við til fuglahreiður og egg auk þess sem við sköpuðum fugla úr verðlausu efni. Börnin réðu alfarið ferðinni.

Í heildina gekk starfsárið mjög vel en auðvitað má alltaf bæta starfið og hér að neðan má sjá umbótaáætlun fyrir komandi starfsár.

## Umbótaráætlun Asparlundar 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flæði í leik	Að börnin nái betri ró og flæði sjálf í leiknum án þess að spryja kennara hvenær megi skipta um stöð. Það náist án þess að það verði ráp.	Frá byrjun eru lagðar skýrar reglur um valið og leikinn. Rætt við börnin um að þau megi ráða ferðinni upp að ákveðnu marki. Gert er ráð fyrir um það bil 10 - 15 mín á hverri verkefnastöð til að flæðisástand náist.	Deildarstjóri Starfsfólk deildar sér um að barnahópurinn sé í ró og að ekkert ráp sé.	Haust 2021	Vor 2022	Líkamstjánning barnanna, skráningar á hvernig hver verkefnastöð heppnast, umræður á deildarfundum um hvernig gengur.	Skólanámskrá Kvistaborgar, gleði barnanna og augljóst að þau nái flæðisástandi.
Hafa fjöldatakmarkanir á hverri stöð	Skipta hverri verkefnastöð niður í hólf og hafa skýrar fjöldatakmarkanir	Merkja skýrmerekilega fjölda á hverri stöð. Þetta er gert til að það verði ekki of mörg börn á einu svæði. Betra til að ná ró og góðu flæðisástandi.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar gera skýran ramma í kringum leikinn.	Haust 2021	Vor 2022	Munur skoðaður frá fyrra skólaári þar sem prófað var að hafa engar fjöldatakmarkani. Rætt á deildarfundum aðra hverja viku.	Gildi leikskólans, grunnþættir sem nefndir eru í skólanámskrá og flæði barnanna í leik.

## Myndir úr starfinu



## 6 Innra mat Reynilundar

### Greinargerð deildarstjóra - Málmfríður Einarsdóttir

Leikskólastarf gekk mjög vel á Reynilundi þetta starfsárið. Mikill munur var frá fyrra starfsári þar sem fá börn voru á deildinn frá því sem áður hefur verið, eða aðeins 14 börn. Deildin fékk því afhent nýtt rými í samræmi við fjölda barnanna að hausti. Rýmið, sem áður hafði verið íþróttasalur Kvistaborgar, var vel nýtt í alla staði og reynt var að hólfra það niður eftir bestu getu til að byggja börnunum notalegt umhverfi og öryggi. Rýmið mótaði að vissu leyti starfið þar sem ekki var vinnuaðstaða fyrir föndur og skapandi starf enda hvergi vaskur né augljóst geymslupláss fyrir efniviðinn sem skapandi starfi fylgdi. Auk þess var þróngt um barnahópinn og því erfitt að taka borðpláss undir skapandi starf fyrir nokkrar nemendur í einu. Kennrar Reynilundar, nýttu þó rýmið eins og best var á kosið og náðist að vinna heilmikið skapandi starf þrátt fyrir hamlandi vinnuaðstöðu. Ekki náðist að gera skapandi starf og föndur að daglegum parti af frjálsri stund eins og lagt var upp með í umbótaráætlun en þar spilaði rýmið inn í. Það gekk mjög vel að halda vikuplani gangandi en vegna COVID19 þurfti stundum að fella niður íþróttatíma í Víkinni og í Fossvogsskóla. Að öðru leyti náðist að vinna allt það sem planað var áður en starfsár hófst.

Í byrjun annar var unnið með reglur deildarinnar og mannsiði. Farið var inn á hvernig ramminn á deildinni virkaði og hvernig vinir koma fram við hvorn annan. Einnig var blandað inn í þema um Pílu Pínu; sagan lesin og börnin sköpuðu sínar eigin mys úr leir og öðru náttúrulegu efni. Að því loknu tók við nýtt þema þar sem hlustað var á lagið um kisuna Krúsilíus af plötunni *Berrössuð á tánnum* sem inniheldur einnig fleiri skemmtilega og hnyttna texta. Börnin lærðu lagið og textinn var nýttur til orðskýringa og örvun málþroska. Í kjölfarið leiddi áhugi barnanna verkefnið og kennarar fylgdu þeirra straumi. Börnin höfðu mikinn áhuga á húsdýrunum og hófust kennarar því handa við að undirbúa kennslu og samverustundir þar sem áhersla var lögð á húsdýrin. Auk þess fengu börnin tækifæri til að skapa sinn eigin Krúsilíus úr verðlausu efni ásamt því að teikna og mála myndir af dýrum og náttúrunni.

Eftir áramót var unnið með Biophilia verkefnið þar sem almennt er lögð áhersla á tækni, tónlist og vísindi. Aðalþemað var líkaminn. Byrjað var á að skrá niður líkamsvitund barnanna, til að mynda hvar ákveðnir líkamspartar væru staðsettir. Í lok verkefnis var aftur skráð og þar mátti sjá aukna meðvitund um líkamann. Nýtt var allskyns kennsluefni á borð við teiknimyndaþættina *Einu sinni var: Lífið*. Valdir voru nokkrir þættir sem fræddu börnin um starfsemi líkamans. Að auki var unnið með líkamann í skapandi starfi og samverustundum og börnin fengu frjálsan aðgang að Biophilia appi Bjarkar Guðmundsdóttur þar sem þau gátu ferðast um líkamann í öppum á borð við Vírus, einnig bjuggu börnin til tónlist í tónlistaröppum. Flettibækur og flipabækur um líkamann voru líka aðgengilegar börnunum.

Í febrúar var unnið með Þorrann og hann tengdur við sjómenntkuna og lífið á Íslandi áður fyrr. Farin var ferð á Sjóminjasafnið en það var einskonar lokahnykkur í þemanu eftir að hafa rætt um líf sjómanna og lífið í „gamla daga“ í samverustundum auk þess að hlusta á klassíská íslenska tónlist á borð við Brennið þið vitar. Börnin voru mjög upp numin af þessari fræðslu og voru þyrst í meiri þekkingu.

Nemendahópurinn tók einnig þátt í Tónlistarverkefni í samstarfi við Tónskóla Sigursveins í lok vorannar. Börnin heimsóttu skólann og fengu að kynnast hinum ýmsu hljóðfærum. Ekki var þó hægt að leyfa börnunum að prófa hljóðfæri eins og undanfarin ár vegna COVID19, en nemendur tónskólans kynntu hljóðfærin í staðinn fyrir börnunum. Þau lærðu einnig mörg lög en stefnt var að því að þau yrðu flutt í Hörpu á Barnamenningarhátið en vegna COVID19 gekk það ekki upp. Tónleikar í Ráðhúsi Reykjavíkur voru haldnar í staðinn og streymt til foreldra sem heppnaðist mjög vel. Afar, ömmur, frænkur og frændur gátu einnig horft á í streyminu svo hugsanlega hafa fleiri geta notið í ár en þegar Barnamenningarhátið er haldin í Hörpu.

## Umbótaáætlun Reynilundar 2021 – 2022

UMBÓTAÐATTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mikið verk verður að koma Reynilundi aftur í gang í haust, vegna myglu. Endurnýja þarf kennsluefni sem þurfti að henda vegna myglu.	Að ná að byggja aftur upp deildina á nýjum stað	Bíða eftir niðurstöðu um hvar deildin verður staðsett og koma öllu í samt lag.	Ábyrgðin er leikskólastjóra og deildarstjóra. Allir starfsmenn taka þátt.	Ágúst 2021	September 2021	Með góðri samvinnu tekst þetta, samráð á milli starfsmanna	Örviðtol þegar deildin verður tilbúin hvernig gekk og hvernig starfsfólkí líður.

## Myndir úr starfinu



## 7 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2020-2021

<b>Skipulagning sérkennslu 2020-2021</b>	Sérkennarar voru með ákveðin börn í þjálfun bæði ein og sér og inn í hópnum og var unnið eftir menntunar án áðgreiningar. Sérkennsla fór fram í formi þjálfunartíma(atferlisþjálfun) og félagsfærniþjálfun með barnahópnum ásamt því að taka þátt í daglegu starfi á deild. Þetta skólaár hefur gengið mjög vel enda var utanum hald mikið og faglegt.
<b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b>	Mest var notað VB-MAPP. Einig er hér notað Hljóm-2, Aeps, Efi-2 og íslenski þroska og smábarnalistinn.
<b>Hvaða námsefni var notað?</b>	VB-MAPP var mest notað og niðurstöður úr því notað til þjálfunar. Leikefni sem skólinn á.

### Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Að viðhalda betur Gefðu 10 inn á öllum deildum	Kynna og fylgja eftir. Að allir kennrarar verði meðvitaðir	Sérkennslustjóri	Haust 2021	Sumar 2022, á alltaf við	Umræður á deildarfundum	Að allir þekki Gefðu 10



## 5 Innra mat – fjöltyngrd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngrdara barna 2020-2021

Úthlutun fjármagns vegna tvítyngdra barna?	Námsgögn og fræðsla
<b>Orðaforði</b>	Í öllu daglegu starfi er virk málörvun og íslenska kennd. Við notum Gefðu 10. Nýliðar fá fræðslu um mikilvægi tungumálsins og málþroska.
<b>Er markviss vinna með orðaforða?</b>	Við erum alltaf markvisst að vinna með orðaforða bæði með lestri bóka, í Lubba, Blæ, LAL. Í öllum lestrarstundum er farið yfir orð og útskýrt hvað þau þýða og oft settur upp leikþáttur.
<b>Farmfarir metnar?</b>	Við notumst við Gefðu 10, Efi-2, hljóm-2, Tras, verkfæri frá Vöndu, til að meta framfarir. Við fáum foreldra í samstarf ef okkur finnst ástæða til að vinna betur að málum. Einstaklingsáætlanir eru gerðar þegar það á við.
<b>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna?</b>	Já þetta er allt tekið með í markvissri málörvun barnanna. Við könnum einnig stafabekkingu á síðasta ári barnsins.

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Notast við Lubbapésa	Lubbapésar eru frábært tól að efla málvitund og kenna málhljóðin.	Nota Lubbapésa 1x í viku til að kynna fyrir börnunum málhljóð og byggir á því að börnin fá að stimpla í hvert sinn sem þau ná að segja hljóðið rétt. Síðan eru nokkur orð æfð í Lubbapésanum.	Sérkennslu- stjóri og Deildar- stjóri	Haust 2021	Vor 2022	Samantekt á árangri og samtal stjórnenda	Að börnin hafi náð framförum í íslenskum málhljóðum og málskilningi

## **6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla**

Byrjað var með snerpusamtöl í Kvistaborg þetta starfsárið. Haldin hafa verið tvö slík á vorönn og hafa þau gengið mjög vel. Talað er um tæplega 15 til 20 mínútur fyrir hvert samtal og eru slík samtöl í umsjón deildarstjóra sem og leikskólastjóra. Endurmenntun er ávallt í hávegum höfð í Kvistaborg og þó nokkrir sóttu námskeið. Námskeiðin voru rafræn vegna farsóttarinnar. Mestmeginis sóttu sérkennrarar sér námskeið í aðferðum sem notast er við með börnum í sérkennslu. Einnig eru tveir nemar í leikskólakennarafræðum starfandi í Kvistaborg sem stendur en það er skráð sem þeirra endurmenntun.

## **7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Kvistaborg á í mjög miklu samstarfi við aðra skóla í nágrenninu. Vert er að nefna sérstaklega Fossvogsskóla en undanfarin ár höfum við reglulega tekið saman höndum í ýmsum verkefnum eða þegar kemur að því að skipuleggja skóladagatalið og aðrar nágrannahátiðir. Einnig fær Kvistaborg afnot af leikfimisal Fossvogsskóla fyrir elstu börnin í leikskólanum. Þá er einnig séð til þess að elsti árgangur fái að heimsækja skólann og kynnast rými hans betur. COVID19 sjúkdómurinn hefur vissulega haft áhrif á samstarfið og vegna takmarkana hefur ekki verið hægt að vera í jafn nánu samstarfi og áður.

## **8 Foreldrasamvinna**

Foreldrasamvinna er mjög mikilvægur partur af starfi og sýn Kvistaborgar. Annað hvert ár fá foreldrar senda foreldrakönnun þar sem þeir geta deilt sinni upplifun af því starfi sem fer fram innan veggja Kvistaborgar. Þessar kannanir eru mikilvægur liður í því að raddir foreldra heyrist og að þeir fái að vera virkir þátttakendur í móturn starfs í Kvistaborg. Foreldrar sjá einnig um að halda uppi fjöri með því að bjóða nemendum upp á ýmsar skemmtanir svo sem leiksýningar, piparkökumálun, sundkennslu og því um líkt en foreldrafélagi sér alfarið um þesskonar ráðstafanir.

## **9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal**

- fimmtudagur 7. október
- föstudagur 19. nóvember – sameiginlegur grunnskóla
- mánudagur 24. janúar – sameiginlegur grunnskóla
- þriðjudagur 22. mars – Sameiginlegur grunnskóla
- Föstudagur 22. apríl → námsferð starfsmanna
- mánudagur 25. apríl → námsferð starfsmanna

Dagsetningarnar 22. og 25. apríl eru birtar með fyrirvara um að hægt verði að ferðast vegna COVID19.

## **10 Fylgigögn**

### **10.1 Skóladagatal**

### **10.2 Verkefni Kvistaborgar - Ábyrgðarmenn**

### **10.3 Fagstarf með börnum - Ábyrgðarmenn**

### **10.4 Umsögn foreldraráðs**

F. h. leikskólans Kvistaborgar

Guðrún Gunnarsdóttir 15. nóvember 2021  
Guðrún Gunnarsdóttir Leikskólastjóri Dagsetning

Samband íslenskra  
svéitarfélaga

**Leiksþóldagatal 2021 - 2022**


Nafn leikskóla:




**Fylgiskjálf nr.1**

Kvistaborg

AUGUST		SEPTEMBER		OKTOBER		NOVEMBER		DECEMBER		JANUAR		FEBRUAR		MARZ		APRIL		MAJ		JUNI		JULI			
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	Hækkiavaka	1 M	Fuheldindaginn	1 P	1 L	Nyvertager	1 P	1 P	Sprengidagur	1 F	1 P	1 S	Vesturbæðingurinn	1 M	1 M	1 F	1 F	1 F			
2 M	2 F	2 L	2 P	2 F		2 F		2 S	2 M		2 M	2 M	Oskudagur	2 L	2 M	2 F		2 L	2 L						
3 P	Sumarfrí	3 F	D	3 M		3 F	Aðventusþóttuð Skóla og Hljómundstöðv	3 M	3 F		3 F	3 S	HN	3 P	3 F		3 S								
4 M	Sumarfrí	4 L	A	4 M		4 F		4 L	4 P		4 F	4 F		4 M	4 M	4 L		4 M							
5 F	Opnaði eftir sumarfrí	5 S	P	5 F		5 F		5 S	S		5 M	5 L	P	5 L	5 P	5 F	Barnamenningsdagur	5 F	5 F						
6 F		6 M		6 M		6 L			6 M	Kaffishúsð Lundur	6 F	Brettleifin / Þólmabóð		6 S	Óður leikskóla		6 M	Barnamenningsdagur	6 F	6 M					
7 L		7 P		7 F	Skipulagsdagur	7 S	EIU		7 L	Kaffishúsð Lundur	7 F		7 M		7 F	Barnamenningsdagur	7 L	7 P		7 F					
8 S		8 M	Dagur fassí	8 F		8 M	Bættidagur þegn einhafi		8 M	Kaffishúsð Lundur	8 L		8 P		8 F	Barnamenningsdagur	8 S	8 M		8 F					
9 M		9 F		9 L		9 b			9 F	Kaffishúsð Lundur	9 S	P	9 M		9 L	þárinum er í gamanáði	9 M	9 F		9 L					
10 P		10 F		10 S	IYU	10 M			10 F		10 M		10 F		10 F	Þárhúsarsíðagú	10 b	10 F		10 S					
11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	11 P		11 M	11 F	Dagur Íslenskra skrifstofna	11 F	11 M		11 L		11 M		11 M				
12 F		12 S	M	12 P	Útmyndarf	12 F		12 S	IY/O	12 M		12 L		12 L		12 P		12 F		12 S	Sjómannagötugurinn	12 P			
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 S	R	13 S	HJ	13 M		13 M		13 M		13 M			
14 L		14 P		14 F		14 S	L	14 P		14 M		14 M		14 M	Dagur stærðmáðina	14 F	14 L		14 P		14 F		14 F		
15 S		15 M		15 F		15 M	Jólastakkommun	15 L		15 M		15 P		15 P	Frisudagurinn sér	15 S	15 M		15 F		15 F		15 F		
16 M		16 F	Dagur Íslenskra náttúru	16 L		16 L		16 P	Dagur Íslenskra tungu	16 F		16 M		16 M		16 M		16 F		16 L					
17 P		17 F		17 S	V	17 M		17 F		17 M		17 F		17 F	Páskudagur	17 P		17 S		17 F		17 S			
18 M		18 L		18 F		18 L		18 P		18 F		18 P		18 F	Íslenskur fiskur	18 M		18 L		18 M		18 M		18 M	
19 F		19 S	B	19 P		19 F	Skipulagsdagur	19 S		19 M		19 L	D	19 L		19 P		19 F		19 S		19 P		19 P	
20 F		20 M		20 M	Dagur meðföldins barna	20 M		20 F		20 M		20 S	Konungsú	20 S	HL	20 M		20 F		20 M	Vatnsvíkla	20 M			
21 L		21 F		21 S	G	21 P		21 M	Bónföldagur	21 F		21 M		21 M	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 P		21 F		21 F		21 F	
22 S		22 M		22 F		22 M		22 M		22 L		22 P		22 P	Skipulagsdagur	22 S		22 M		22 F		22 F		22 F	
23 M		23 F		23 L	Fyrsta vellutufjár	23 P		23 P	Dóttirkonuæta	23 S		23 M		23 L		23 M		23 F		23 F		23 L			
24 P		24 F		24 S	J	24 M		24 M	Aðfangadagur þóru	24 M		24 M	Skipulagsdagur	24 F	24 F		24 S		24 P		24 F		24 S		
25 M		25 L	N	25 M		25 F		25 L	Jólaþóru	25 P		25 F		25 F		25 M	Skipulagsdagur	25 M		25 L		25 M		25 M	
26 F		26 S	Einskr. hringumhverfisásum	26 P		26 F		26 S	Arnar íjum	26 M		26 L		26 P		26 F	Upplýsingardagur	26 S		26 P		26 P		26 P	
27 F		27 M		27 L	Náttáðal/	27 L		27 M		27 F		27 M	Mjúkt G	27 S	HR	27 M		27 F		27 M		27 M		27 M	
28 L		28 P		28 S	F	28 P		28 F		28 M		28 M	Bolludagur	28 M		28 F		28 L		28 P		28 F		28 F	
29 S		29 M		29 F		29 M		29 M		29 L		29 P		29 F		29 S		29 M		29 P		29 F		29 F	
30 M		30 F		30 M	30 L	30 P		30 F		30 M		30 M	Ó/A	30 M		30 F		30 M		30 L		30 F		30 L	
31 P		31 P		31 S	H	31 M		31 F	Gjörvungráðagur	31 M		31 F		31 F		31 P		31 P		31 P		31 S		31 S	





**Starfsáætlun 2021 – 2022  
Kvistaborg**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Ásdís Ólafsdóttir  
Guðný Birna Ármannsdóttir**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólk, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjölyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun Kvistaborgar samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla.

Skólastarf Kvistaborgar hefur gengið mjög vel seinasta skólaár þrátt fyrir áskoranir vegna Covid-19 og mygluvanda í húsnaði. Á seinasta tímabili var hálfur leikskólinn fluttur í Hólmgarð, með tilheyrandi áskornum. Eftir sumarfrí tók við óvissutími þar sem tilkynnt var um að stefnt væri á flutning í Safamýri.

Almenn ánægja hefur verið með allar fjórar deildirnar og teljum við að foreldrar séu ánægðir með þann metnað sem hefur haldist þrátt fyrir áskoranir. Í þessum skrítnu aðstæðum er þó einnig rætt um að tenging foreldra og starfsmanna sé minni sökum vissrar fjarlægðar vegna Covid.

Þrátt fyrir allar áskoranirnar og minni aðgengi foreldra að skólanum er almenn ánægja með starfssemi skólans.

Mikið er um skemmtileg, lærdómsrík og metnaðarfull verkefni sem hitta á áhugasvið barna. Þar má m.a. nefna

- LÁN
- Lubbi finnur málbein
- Vináttuverkefni Barnaheilla
- LAL
- Biophilia
- Útinám
- Íþróttir

Foreldraráð er heilt yfir mjög ánægt með starfsemi Kvistaborgar og er þakklátt fyrir þá miklu umhyggju og hlýju sem börning okkar fá að njóta. Vikupóstar frá deildarstjórum vekja mikla ánægju og gefa góða innsýn í starfið.

Foreldraráð vill kalla eftir því að að stofnaður verði hópur til að fá að fylgja vandamálunum með húsnæðismál eftir í samstarfi við Reykjavíkurborg. Það er okkar von að þessi mál leysist hratt og farsællega. Það er foreldraráði mikils virði að hagsmunir barna og starfsmanna Kvistaborgar séu í fyrirrúmi.

Virðingafyllst,  
Ásdís Ólafsdóttir  
Guðný Birna Ármannsdóttir



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

